

Vísindaráð Landspítala - Matsblað og leiðbeiningar fyrir mat umsagnaraðila á verkefnaumsóknum

Við mat og einkunnagjöf er umsagnaraðili vinsamlegast beðin um að nota matsblaðið á næstu síðu, tilgangur þessa er að auka samræmi í einkunnagjöf. Á því er að finna leiðbeinandi upplýsingar sem eiga að aðstoða umsagnaraðila við að gefa vísindaverkefningu, umsókninni og aðalumsækjanda einkunn. Gefin er einkunn fyrir hvern þessara þriggja þátta og er einkunnaskalinn einn til fjórir. Leyfilegt er að gefa í hálfum og heilum. Umsagnaraðili færir einkunnirnar og rökstuðning fyrir þeim inn í tilætluð box í rafrænu kerfi Vísindasjóðs. **Vinsamlegast athugið að boxin stækka með textanum og hafa engin takmörk á orðafjölda.**

Mikilvægustu atriðin varðandi **vísindaverkefnið** er að meta hvort;

- og þá hve mikið vísindalegt gildi og/eða nýnæmi þess sé á alþjóðavísu
- niðurstöður þess muni auka við þekkingu á viðkomandi fræðasviði á alþjóðavísu
- rannsóknasurningar þess séu skýrar og hægt verði að svara þeim með sannfærandi niðurstöðum á rannsóknæfnivið af góðum gæðum
- líklegt sé að það leiði til birtingar í íslensku eða erlendu fræðiriti og þá í hve virtu riti á alþjóðavísu

Mikilvægustu atriðin varðandi **mat á gæðum umsóknarinnar** er eftirfarandi;

- bakgrunnur vísindaverkefnisins, tilgangur þess og forsendum sé lýst á skýran og greinargóðan hátt með tilvísunum í nýjustu heimildir
- val á þýði/úrtaki sé viðeigandi og lýst með skýrum hætti
- aðferðum sé lýst nægjanlega vel
- fjallað sé um fjölda, áreiðanleika og réttmæti mælinga og á hvern hátt mat er lagt á þá þætti
- tölfræðilegum aðferðum sé lýst og útreikningar á tölfræðilegu afli (power analysis) gerðir til að meta hve marga þarf í rannsóknar- og samanburðarhópa
- verk- og tímaáætlun sé skýr og mælanlegar vörður tilgreindar
- hlutverki og framlagi þátttakenda í rannsókninni sé lýst og þau skýr
- kostnaðaráætlun sé raunhæf og greinargóð
- rætt sé um kosti og galla verkefnisins

Ef það er álit umsagnaraðila að ekki skuli veita umsókninni styrk úr Vísindasjóði Landspítala þá er hann vinsamlegast beðinn um að taka það fram í mati sínu og rökstyðja höfnunina sérstaklega.

Umsagnaraðili er vinsamlegast beðinn um að klára umsögn sína **innan tveggja vikna**. Reynist það vandkvæðum háð er hann vinsamlegast beðinn um að hafa samband við starfsmann Vísindaráðs með því að senda tölvupóst á vísindarad@landspitali.is

Umsagnaraðili er beðinn um að fara með umsóknina sem trúnaðarmál.

Vísindaráð Landspítala – Matsblað fyrir einkunnagjöf verkefnisumsókna

	1	2	3	4	Gefið einkunn á skalanum 1-4
<p>Gæði umsóknar:</p> <p>Lýsing á stöðu þekkingar, rannsóknarúrtaki, aðferðum, réttmæti mælinga, tölfræðiútreikningum, framkvæmda- og tímaáætlun, vörður, framlag, verkaskipting, kostnaðaráætlun.</p>	<p>Illa unnin umsókn, bakgrunni verkefnis og helstu rannsóknum á sviðinu illa lýst, erfitt að sjá samhengi milli stöðu þekkingar og verkefnis.</p> <p><u>Og/eða:</u></p> <p>Megnið af eftirfarandi illa unnið: Lýsing á aðferðum, rannsóknarúrtaki og verkaskiptingu ónóg, framkvæmda- og tímaáætlun ekki trúverðug, vörður vantar, óskýr kostnaðaráætlun.</p>	<p>Fremur yfirborðskennd umsókn. Fjallað er um og vísað til helstu rannsókna á sviðinu en tengsl við rannsóknina eru ekki nægilega skýr.</p> <p><u>Og/eða:</u></p> <p>Lýsing á einu eða fleiru af eftirfarandi verulega ábótavant eða vantar: Aðferðalýsingar, framkvæmda- og/eða tímaáætlun, vörður, verkaskipting, kostnaðaráætlun.</p>	<p>Umsókn er vel gerð. Umsækjandi hefur góða þekkingu á helstu kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir vel við rannsóknina, vísað er í nýjustu heimildir. Aðferðalýsing er góð, verkaskipting rannsækenda skýr, framkvæmda- og tímaáætlun í samræmi við markmið og með vel skilgreindum vörðum. Rætt er um kosti og galla. Greinargóð og skýr kostnaðaráætlun.</p>	<p>Umsókn er áberandi vel gerð. Umsækjandi hefur yfirgripsmikla þekkingu á kenningum og rannsóknum á sviðinu og tengir þá þekkingu við verkefnið á skýran hátt. Val á rannsóknarúrtaki og réttmæti mælinga er vel lýst, lýsing á aðferðum, tölfræðiútreikningum, kostum og göllum, verk- og tímaáætlun, mælanlegum vörðum, hlutverki þátttakenda, kostnaðaráætlun, allt einstaklega vel unnið og skýrt.</p>	<p>Vægi 40%</p> <p>Einkunn og rökstuðningur fyrir henni skal færa inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala</p>
<p>Vísindaverkefnið eitt og sér:</p> <p>Vísindalegt gildi og nýnæmi, rannsóknarspurning og viðbót við þekkingu á fræðasviðinu, gæði og stærð rannsóknarefniviðar og tölfræðilegt afl hans, hve sannfærandi verða svör við rannsóknarspurningum, líkindi á birtingu í góðu erlendu riti</p>	<p>Óljóst eða ófrumlegt verkefni með takmarkað vísindalegt gildi sem bætir litlu við núverandi þekkingu.</p> <p><u>Og/eða:</u></p> <p>Rannsóknarspurning er óljós eða illa grunduð, markmið illa afmörkuð eða vantar, gæði rannsóknarefniviðar og stærð óljós eða ónóg, tölfræðilegt afl óljóst og/eða ekki rætt.</p>	<p>Verkefnið getur leitt til nýrrar þekkingar, er þarft, með vísindalegt gildi, en hefur lítið nýnæmi.</p> <p><u>Og/eða:</u></p> <p>Rannsóknarspurning og markmið skiljanleg en ekki fullhugsuð, stærð rannsóknarefniviðar og gæði nægileg og fjallað um tölfræðilegt afl. Líklegt að niðurstöður leiði til birtingar í samilegu alþjóðlegu riti.</p>	<p>Frumlegt verkefni með gott vísindalegt gildi sem eykur við þekkingu á fræðasviðinu á alþjóðavísu.</p> <p>Rannsóknarspurning og markmið skýr, gæði rannsóknarefniviðar góð og ljóst að tölfræðilegt afl sé nægilegt til að svara rannsóknarspurningum með nægri vissu. Líklegt að verkefnið leiði til birtingar í góðu alþjóðlegu fagttímariti.</p>	<p>Frumlegt verkefni með mikið vísindalegt gildi og nýnæmi. Rannsóknarspurning og markmið skýr, gæði rannsóknarefniviðar góð og enginn vafi að tölfræðilegt afl verði nægt til að svara öllum rannsóknarspurningum á mjög sannfærandi hátt. Verkefnið er líklegt til að leiða til birtingar í virtu alþjóðlegu fagttímariti.</p>	<p>Vægi 40%</p> <p>Einkunn og rökstuðningur fyrir henni skal færa inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala</p>
<p>Vísindatengdur árangur aðalumsækjenda:</p> <p>*Aðalumsækjandi: Reynsla og árangur í vísindum á fræðasviði verkefnis og í stjórnun vísindaverkefna.</p>	<p>Aðalumsækjandi hefur tiltölulega litla vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnis og hefur fáar birtingar í viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (1-3). Hefur mjög takmarkaða eða árangurslitla reynslu í stjórnun vísindaverkefna</p> <p>*</p>	<p>Aðalumsækjandi hefur vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnisins en fáar birtingar í viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum sem fyrsti eða síðasti höfundur (3-5). Hefur nokkra reynslu í stjórnun vísindaverkefna.</p> <p>*</p>	<p>Aðalumsækjandi hefur góða vísindalega reynslu á fræðasviði verkefnis, með góðan ritalista og yfir 5 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum. Hann er með góða reynslu í stjórnun vísindaverkefna.</p> <p>*</p>	<p>Aðalumsækjandi er virtur vísindamaður á fræðasviði verkefnis og er með ritalista sem inniheldur margar birtingar í alþjóðlegum virtum ritum og yfir 10 birtingar sem fyrsti eða síðasti höfundur í góðum viðurkenndum alþjóðlegum ritum. Hann er með mjög góða og árangursríka reynslu í stjórnun vísindaverkefna.</p> <p>*</p>	<p>Vægi 20%</p> <p>Einkunn og rökstuðningur fyrir henni skal færa inn í rafræna kerfi Vísindasjóðs Landspítala</p>

*Vísindatengdur árangur aðalumsækjanda skal ráða einkunnarflokki, þ.e. 1,2,3 eða 4. Ef einn eða fleiri af meðumsækjendum eru vísindamenn með mjög góða og árangursríka vísindalega reynslu á fræðasviðinu þá má hækka um hálfan innan einkunnarflokks, t.d. úr 2 í 2.5 (en ekki færa upp í næsta flokk, t.d. ekki úr 2 í 3).